

Samgöngumat

Grunnur að gerð leiðbeininga

Ólöf Kristjánsdóttir, samgönguverkfræðingur M.Sc., fagstjóri samgangna Mannviti

Cecilía Þórðardóttir, samgönguverkfræðingur M.Sc., Velocity Transport Planning, London

Október 2022



MANNVIT

Tilurð verkefnisins

BREEAM Communities matskerfi fyrir sjálfbærni deiliskipulagsverkefna.

- Krafa um samgöngumat (Transport Assessment) og ferðavenjuáætlun (Travel Plan) að breskri fyrirmynd.
- BREEAM vottun Urriðaholts hófst 2013.

Samgöngumat og sjálfbærni - Rannsóknarsjóður Vegagerðarinnar 2018-2019.

Samgöngumat leiðbeiningar - Rannsóknarverkefni 2020-2022, unnið fyrir Rannsóknarsjóð Vegagerðarinnar, Reykjavíkurborg og Loftslagssjóð.


Í dag eru 7 skipulagsverkefni BREEAM vottuð eða í ferli

- Búið að gera 6 samgöngumatsskýrslur.
- Fylgja kröfum BREEAM en að öðru leyti ólíkar. Kallað eftir leiðbeiningum.
- Svára kalli um nánari samgöngugreiningar.



Samgönguskipulag í Englandi

- Landsskipulag Englands skyldar sveitarfélög og uppbyggingaraðila til að meta áhrif aðal- og deiliskipulags á samgönguinnviði.
- Samgöngumati er ætlað að tryggja:
 - Að staðsetning sé rétt
 - Aðgengi að sjálfbærari samgöngum
 - Að mótvægisáðgerðir séu tilgreindar.
- Einnig t.a. tryggja fjárframlög fyrir mótvægisáðgerðir, t.d.:
 - Aukna tíðni almenningsamgangna.
 - Umbætur á gatnamótum.
 - Tengingar við göngu- og hjólaleiðir.
- Fjárframlög eru tryggð með S106 og S278 samningum.



Mótvægisaðgerðir og mótframlög - England

S106 og S278 samningar

Fjárframlög eru tryggð með S106 og S278 samningnum, þar sem:

- S106 samningar koma úr grein 106 í skipulagslögum. Greidd er upphæð til aukinnar tíðni almenningsamgangna, skóla, heilsugæslu ofl.
- S278 samningar koma úr grein 278 í vegalögum. Framkvæmdaraðilar hanna og byggja á eigin kostnað samgönguinnviði eins og ný gatnamót, umbætur á gatnamótum og nýjar tengingar við göngu- og hjólastíga.



Hvernig eru samgöngur metnar í skipulagi


Gagnagrunnar og kannanir sem notaðir eru:

- TRICS – Ferðatíðni og skipting eftir ferðamátum fyrir hvern landnotkunarflokk eftir staðsetningu.
- Census manntal – Mat á dreifingu ferða með öllum ferðamátum.
- Public Transport Accessibility Level (PTAL) – Notað í London til að meta aðgengi að almenningssamgöngum og gegnir stóru hlutverki í mati á þéttleika nýrrar byggðar og fjölda bílastæða td.
- TEMPRO – Framtíðaraukning í bílaumferð, byggt á upplýsingum úr aðalskipulagi og áætlunum um bílæign, hagvöxt, mannfjöldapróun o.s.frv.
- Active Travel Zone Assessment


Hönnun einnig skoðuð m.t.t. ýmissa staðla og leiðbeininga:

- Bílastæða- og hjólastæðastaðlar, Manual For Streets, Cycle Infrastructure Design ofl.

PTAL – Hitakort London



PTAL í Suð-Austur London




Samgöngumat og fylgiskjöl - Yfirlit

Samgöngumat lýsir hönnun reits og hvernig hún þróast t.a. minnka áhrif af samgöngum, og sýnir:

- Mat á ferðatíðni og skiptingu milli ferðamáta til og frá reit
- Mat á áhrifum af auknum ferðatíma á:
 - Almenningsamgöngur.
 - Gatnakerfi og gatnamót.
- Hermun gatnamóta ef þarf.
- Tillögur að úrbótum ef þarf (sem væru kostaðar að hluta eða öllu leyti af umsækjanda).

Í London eru gerð samgöngumöt sem nefnast Healthy Streets til að auka áherslu á hvernig reitur er hannaður með heilsu fólks í huga.


- Skoðað hvernig fólk getur gengið, hjólað og notað almenningsamgöngur og hvaða áhrif uppbyggingin hefur á loftgæði, hljóðvist, öryggi o.s.frv.




Aberfeldy Estate, Tower Hamlets í London



Park Farm South East, Ashford í Kent



Aberfeldy Estate, Tower Hamlets í London - Gönguleiðir í helstu þjónustu



Samgöngumat og fylgiskjöl - Yfirlit

Fylgiskjöl eru td.:

- **Ferðavenjuáætlun** setur fram markmið um breytingu á ferðamátavali, minnkun á ferðum þar sem er einn í bíl.
- **Afhendingar- og þjónustuáætlun** útlistar hvernig skal lágmarka fjölda sendibifreiða og ónæði af þeim.
- **Áætlun á framkvæmdartíma** útlistar hvernig skal lágmarka fjölda bifreiða á framkvæmda tíma og ónæði af þeim.
- **Áætlun um stýringu bílastæða** (e. Parking management plan) setur fram hvernig bílastæðanotkun er stýrt og markmið um fækkun stæða þegar hægt er.

Lifandi skjöl og fylgst með hvort að markmiðum er náð.



Helstu umsagnaraðilar


Fá til umsagnar umsóknir sem hafa áhrif á samgöngukerfi sem er undir þeirra yfirráðum.

Þessir aðilar geta ekki samþykkt eða synjað umsókn en þeirra stuðningur eða skortur þar á hefur mikið vægi hjá sveitarfélögum.


Helstu umsagnaraðilar eru:

- National highways (enska vegagerðin)
- County councils (sýslur)
- Transport for London (TfL)
- Nágrannar - grenndarkynning

National Highways – Vegakerfi innan og nálægt London (grænar línur)




Transport for London – Vegakerfi innan London (rauðar línur)




Þéttleiki og bílaeign - Þróun í Englandi 2009 til 2020



Íbúapéttleiki og bílaeign á íbúa (þéttbýli)



Íbúapéttleiki og bílaeign á íbúa (dreifbýli)



Ferðatíðni - England



Og til hvers...

Tryggja samráð og að áhrif á nærumhverfi hafi verið minnkuð með hönnun eins og hægt er, m.þ.a.:

- Tengja reitinn við göngu- og hjólastígakerfi.
- Tengja reitinn við almenningssamgöngur.
- Veita bílastæði í takt við þörf að teknu tilliti til aðgengis að almenningssamgöngum og þjónustu í nærumhverfi.
- Tryggja aðgengi fyrir sendibíla og þjónustubíla og merkja sér svæði ef þarf.

Einnig til að meta:

- Áhrif á almenningssamgöngur m.t.t. farþegafjölda og hvort auka þurfi tíðni.
- Áhrif á nærliggjandi gatnamót, herma þau ef þarf og koma með tillögur að úrbótum.

Samgöngumat minnkar óvissu um áhrif ferðamyndunar og hvetur til notkunar vistvænni ferðamáta.



Samgöngumat leiðbeiningar - Kaflauppbýgging

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	1
2. Tenging við skipulagsferlið	2
3. Ferli við gerð samgöngumats.....	3
3.1 Umfang samgöngumats.....	3
3.2 Hámarksáhrif á sjálfbærum samgöngum	5
4. Samgöngumat	7
4.1 Inngangur.....	7
4.2 Núverandi aðstæður	8
4.3 Fyrirhuguð uppbygging	9
4.4 Aðgerðir til að minnka áhrif.....	11
4.5 Tilgreina eftirstandandi áhrif og mótvægisáðgerðir	12
4.6 Innleiðing mótvægisáðgerða	14
5. Ferðavenjuáætlun	15
5.1 Uppbygging ferðavenjuáætlana	15
5.2 Mismunandi ferðavenjuáætlunir	16
6. Heimildaskrá	18
Viðauki A Nánar um innihald samgöngumats	19
Viðauki B Kröfur BREEAM Communities	25



Kröfur um samgöngugreiningar í skipulagsgerð á Íslandi

Skv. skipulagslögum skal gera grein fyrir áhrifum skipulags á umhverfið. Til að gera það þarf ítarlegar greiningar á samgöngumálum.

Gefa þarf skýrari leiðbeiningar um hversu mikilla samgöngugreininga er krafist m.v. umfang uppbyggingar.



Mikilvægt að samgöngur, skipulag og húsnæðismál séu hugsuð í samhengi frá upphafi til að lágmarka ferðapörf, stytta ferðir og að sem auðveldast sé að nota almenningssamgöngur, hjólreiðar og göngu.

Nýta þarf skipulagsferlið til að búa til hvata þ.a. uppbyggingaraðilar sjái hag í að leita allra leiða til að hámarka eins og kostur er notkun almenningssamgangna, hjólreiða og göngu.





Næstu skref

Útgáfa fyrir lok árs 2022:

Skýrsla: Um gerð samgöngumats við skipulagsgerð -
Bakgrunnur

Samgöngumat - Grunnur að gerð leiðbeininga

Framhaldið:

Klára og gefa út leiðbeiningar.

Innleiðing í skipulagsferlið?

Takk fyrir

Ólöf Kristjánsdóttir | olof@mannvit.is

Cecilía Þórðardóttir | cilla.th@gmail.com



MANNVIT